

til grundvallar í máli þessu, og verður sýknukrafa stefnda ekki á þessu byggð.

Að því er varðar skaðabótakröfu stefnda, þá er að visu ljóst, að verk það, er hér um ræðir, hefur tekið óeðlilega langan tíma, en gegn mót-mælum stefnanda hefur stefndi ekki sannað, að ástæður þess séu atvik, er stefnandi ber ábyrgð á, eða því verði um kennt, enda ekki vefengd sú staðhæfing stefnanda, að hann hafi í upphafi tekið fram, að hann hefði með höndum nokkur verk, sem ganga yrðu fyrir. Með vísan til þessa og þar sem stefndi hefur ekki að öðru leyti fært sönnur á bótaskyldu stefnanda, verður sýknukrafa stefnda heldur ekki á þessu byggð.

Málalok verða því þau, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti með vöxtum, svo sem krafizt er.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2500.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Guðbjartur Ólafsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Friðrik V. Ólafsson, Árni Árnason, Guðrún Jónasson, Ólafur Þórðarson og Rannveig Vigfúsdóttir f. h. Slysavarnafélags Íslands, greiði stefnanda, Daníel Þorsteinssyni f. h. Daníels Þorsteinssonar & Co. h/f, kr. 33.772.31 með 6% ársvöxtum frá 1. maí 1948 til greiðsludags og kr. 2500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. desember 1951.

Nr. 100/1950. **Finnur Árnason** (Magnús Thorlacius)

gegn

Hallfreði Guðmundssyni og gagnsök.

(Egill Sigurgeirsson).

Dómari átti að víkja sæti.

Dómur og málsmeðferð því ómerkt.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Sæmundsson, bæjarfógeti á Akranesi, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Báðir aðiljar krefjast ómerkingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hvor úr annars hendi fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Yfirlýsing sú, er gagnáfrýjandi gaf aðaláfrýjanda 28. janúar 1950 og lýst er í héraðsdómi, var samin og undirrituð í skrifstofu bæjarfógetans á Akranesi í viðurvist beggja málsaðilja, og hefur bæjarfógeti sjálfur svo og maður að nafni Sverrir Bjarnason ritað undir sem vottar. Hefur aðaláfrýjandi lýst því fyrir dómi, að yfirlýsing þessi hafi, áður en hún var samin, verið rædd þarna í skrifstofunni og aðiljar komið sér saman um orðalag hennar. Yfirlýsing þessi er þýðingarmikið gagn í málinu, og átti bæjarfógeti að leiðbeina gagnáfrýjanda, sem flutti mál sitt sjálfur og byggði rétt á yfirlýsingu þessari, um að nauðsynlegt væri að fá skýrslur vottanna, bæjarfógeta sjálfs og Sverris Bjarnasonar, um hvað fram hefði farið, er nefnd yfirlýsing var samin í skrifstofu bæjarfógeta. Af þessu leiðir, að afstaða héraðsdómara til málsins var slík, að honum bar að víkja sæti í málinu af sjálfsdáðum, sbr. 36. og 37. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja héraðsdóminn og meðferð málsins á bæjarþingi Akraness frá þingfestingu 20. febrúar 1950 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Rétt þykir, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Héraðsdómur í máli þessu og málsmeðferð frá 20. febrúar 1950 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akraness 3. maí 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. marz s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Finni Árnasyni, Skólabraut 25, Akranesi, verkstjóra hjá Akranesbæ, gegn Hallfreði Guðmundssyni skipstjóra, Akurgerði 12, Akranesi, út af ummælum, er stefndi viðhafði á opinberum umræðufundi í Bióhöllinni á Akranesi 27. janúar 1950 og stefnandi telur verið hafa ærumeiðandi fyrir sig, en ummælin voru þessi: „Eikin kom og eikin hvarf, en eikin fór ekki í þetta gat, heldur í önnur göt“. Krefst stefnandi þess, að umgetin orð verði dæmd dauð og ómerk og stefndi verði dæmdur í þyngstu refsingu, sem lög leyfa fyrir þau, og loks að hann verði dæmdur til að greiða málskostnaðinn að skaðlausu.

Stefndi, Hallfreður Guðmundsson, sem sjálfur hefur mætt í málinu,

hefur gert þær kröfur: 1) Að málinu verði vísað frá dómi. 2) að Stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og honum tildæmdur málskostnaður.

Sátta var leitað á bæjarþinginu, en árangurslaust.

Mál þetta, sem höfðað var hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, dags. 14. febr. s.l., er, sem fyrr segir, risið út af ummælum stefnda á opinberum fundi í Bíóhöllinni á Akranesi, er haldinn var í tilefni bæjarstjórnarkosninga á Akranesi, er fram áttu að fara 29. sama mánaðar. Stefndi var ekki í framboði, en stefndi talaði þarna sem frambjóðandi og gagnrýndi gerðir fráfarandi bæjarstjórnarmeirihluta, en stefndi var, sem áður segir, verkstjóri bæjarins og hafnargerðarinnar. Upplýst er og viðurkennt í málinu, að stefndi hafi á greindum fundi í Bíóhöllinni skýrt frá, að sér hefði verið falið að biðja verkstjóra hafnarinnar, þ. e. stefnanda, að sjá um, að sett yrði í bil það, er orðið hefði milli karanna tveggja, er til bráðabirgða eru látin mynda innri höfn fyrir vélbátaflotann á Akranesi. Verkstjórninn (stefndi) hafi sagt stefnda, að til þess hafi hann ekkert notið efni, þar eð til þess þyrfti eik. Þá hafi stefndi sagt þetta orðrétt: „Eikin kom og eikin hvarf, en eikin fór ábyggilega í einhver önnur göt en þessi göt“. Þessi orð hefur stefndi viðurkennt að hafa viðhaft í ræðu þeirri, er hann þarna flutti.

Verkstjóri hafnarinnar, þ. e. stefndi, talaði ekki á fundinum, enda ekki í framboði, og þar sem honum þótti áðurgreind ummæli fela í sér ærumeiðandi aðdróttun um óheiðarlega meðferð á efni hafnarinnar, fór hann daginn eftir til stefnda, og komu þeir saman á skrifstofu bæjarfógeta. Þar undirritaði stefndi samkvæmt kröfu stefnanda yfirlýsingu þess efnis, að hann lýsti tilhæfulaust með öllu, að hann hafi í ræðu sinni í Bíóhöllinni viljað drótt að hafnarverkstjóra, þ. e. stefnanda, óráðvendni í sambandi við starf hans fyrir bæinn. Vottorð þetta eða yfirlýsing var svo birt í blaði á Akranesi samdægurs. Leit stefndi þá svo á, að mál þetta væri þar með búið og þeir, stefndi og stefndi, sátir. Kveður stefndi, að þeir stefndi og hann hafi tekizt í hendur upp á það, eftir að vottorðið hafði verið undirritað, að mál þetta væri þar með búið. Hefur stefndi lýst þessu þannig í aðiljaskýrslu hér fyrir dómi. Stefndi hefur aftur á móti í aðiljaskýrslu sinni hér fyrir dómi neitað því að hafa handsalað nokkra sætt út af þessu, en er annars óákveðinn í mótmælum sínum og fullyrðingum um það, hvað þeim stefnanda og stefnda hafi á milli farið, rétt eftir að áðurgreind yfirlýsing var undirrituð. Þá viðurkenndi stefndi hreinskilnislega, að hann hafi heima hjá stefnda skýrt frá því, að „hann myndi aldrei hafa farið í mál út af þessum orðum hans (stefnda), ef skrif blaðsins „Skaginn“ 29. jan. s.l. hefðu ekki komið til“.

Í málinu hefur enginn vefengt réttmæti þessara orða stefnda, sem sé að eikin, sem tekin var út til þess að byrgja „gatið“ milli karanna í bátakvínni á Akranesi, hafi ekki farið til þeirra hluta, heldur í eitthvað annað, eða til annarra hluta en hún var ætluð til, enda alkunnugt á Akranesi, að þetta „bil milli karanna“ er opið enn í dag.

Þá gaf stefndi og undirritaði á skrifstofu undirritaðs vottorð um, að

hann hefði ekki ætlað að dróttu neinum óheiðarleika að stefnanda í efnis-meðferð hans fyrir bæinn með áður tilfærðum orðum, en vottorð þetta komst strax fyrir almenningssjónir á Akranesi, er það var birt þar strax í blaði, útgefnu þar á staðnum.

Kröfu stefnda um frávísun málsins frá dómi, vegna þess að áður hafi verið að fullu samið um þau atriði, sem málið er út af risið, þykir ekki gegn mótmælum stefnanda unnt að taka til greina, enda þótt mótmæli stefnanda, sem að þessu lúta, séu óákveðin nokkuð. Verður frávísunar-krafa því ekki tekin til greina.

Kröfu stefnanda um, að ummælin, sem stefndi viðhafði á fundi í Bióhöllinni 27. janúar 1950: „Eikin kom og eikin hvarf, en eikin fór ábyggilega í einhver önnur göt en þessi göt“, verði dæmd dauð og ómerk, þykir rétt að taka til greina að nokkru leyti, þannig að dæma ómerka þá að-dróttun um óheiðarlega meðferð á efni hafnarinnar, sem unnt væri að leggja í þessi orð stefnda.

Þá kemur loks krafa stefnanda um, að stefndi verði dæmdur til refsingar fyrir áðurgreind ummæli á biófundinum. Hér við er fyrst að athuga að:

1. Stefndi, sem viðhafði umgetin orð í kosningahita og gaf tafarlaust, er farið var þess á leit, út yfirlýsingu, sem birt var opinberlega, um að óheiðarleik hefði hann alls ekki ætlað að dróttu að stefnanda með áðurgreindum orðum.
2. Stefndandi hefur kannast við, að hann hafi ekki séð ástæðu til frekari aðgerða út af þessum orðum, ef blaðaskrif hefðu ekki einnig komið til síðar, en í þeim skrifum hefur stefndi neitað að eiga nokkurn þátt.

Þegar þessar staðreyndir eru metnar og með tilliti til þess, að ekki hefur verið vefengt hér í þessu máli, að eikin, sem í áðurnefnt bil átti að fara og út var tekin, hafi verið notuð til annarra hluta eða eitthvað annað hafi af henni orðið, þykir ekki vera nægileg ástæða til þess samkvæmt 235. gr. hegningarlaga nr. 19 frá 1940, sbr. 239. gr. sömu laga analogice, að láta stefnda sæta refsingu fyrir áðurgreind ummæli sín, og verður sú krafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Eftir þessum málalokum verður að fella kostnað máls þessa niður.

Það athugast, að dómsuppkvaðning hefur dregið nokkuð vegna reikningsskila við ríkissjóð, sem ekki varð frestað, og orðu dómsstörfin þannig að þoka fyrir því.

Því dæmist rétt vera:

Ummæli þau, sem stefnt er fyrir, skulu vera ómerk, að því leyti sem í þeim getur falist aðdróttun um óheiðarleik gagnvart stefnanda.

Hins vegar ber að sýkna stefnda, Hallfreð Guðmundsson, af öllum frekari kröfum stefnandans, Finns Árnasonar, í máli þessu.

Málkostnaður falli niður.